

AUGLÝSING

um umferð í Neskaupstað.

Samkvæmt heimild í 65. gr. umferðarlaga nr. 40 frá 23. apríl 1968, og að fengnum tillögum bæjarstjórnar Neskaupstaðar, hafa verið settar eftirfarandi reglur um umferð í Neskaupstað:

1. Bakkavegur er aðalbraut, þó þannig, að umferð um hann vikur fyrir umferð um Nesgötu og Mýrargötu.
2. Umferð um Starmýri hefur forgangsrétt fyrir umferð frá Gauksmýri, Hrafnsmýri og Valsmýri á mótum þessara gatna.
3. Umferð um Tröllaveg hefur forgangsrétt fyrir umferð frá Ásgarði og Miðgarði á mótum þessara gatna.
4. Bannað er að stöðva ökutæki:
 - a) norðan megin á Egilsbraut við húsið nr. 5—7,
 - b) sunnan megin á Miðstræti við umferðareyju á gatnamótum við Hólsgötu.
5. Á þrem fyrstu bifreiðastæðunum austan hússins Egilsbrautar 5—7 má ekki leggja bifreiðum lengur en 30 mínútur í senn frá kl. 9—18 frá mánudegi til föstudags.

Þetta tilkynnist öllum, er hlut eiga að máli.

Lögreglustjórinn í Neskaupstað, 2. júní 1980.

Þorsteinn Skúlason.

AUGLÝSING

um flutningsjöfnunargjald á sementi.

Viðskiptaráðuneytið hefur með heimild í lögum nr. 62 frá 30. apríl 1973, um jöfnun flutningskostnaðar á sementi, að tillögu stjórnar flutningsjöfnunarsjóðs sements, ákveðið að flutningsjöfnunargjald pr. hvert tonn af sementi skuli vera kr. 8 700 frá 1. ágúst 1980, þar til annað verður ákveðið.

Skulu innlendir framleiðendur (Sementsverksmiðja ríkisins) greiða gjaldið ársfjórðungslega til viðskiptaráðuneytisins, en af innfluttu sementi skal það innheimt með aðflutningsgjöldum. Annast tollstjórinn í Reykjavík og bæjarfógetar og sýslumenn annars staðar á landinu innheimtuna, og skulu þeir skila gjaldinu til viðskiptaráðuneytisins.

Viðskiptaráðuneytið, 28. júlí 1980.

F. h. r.

Ingvi Ólafsson.

Atli Freyr Guðmundsson.